



Skipulagsnefnd  
Keflavíkurflugvallar




Landhelgisgæsla Íslands

## **Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030** **Breyting: Auknar byggingarheimildir á FLE2**

21. ágúst 2018

Tillaga var uppfærð eftir athugun Skipulagsstofnunar, dags. 15.8.2018

Breyting nr. 01

 Skipulagsstofnun
Mótt.: <b>11. jan. 2019</b>
Málnr.
201805067



**Efnisyfirlit**

<b>1</b>	<b>Forsendur og markmið</b>	<b>2</b>
1.1	Forsendur	2
<b>2</b>	<b>Breytingartillaga</b>	<b>3</b>
2.1	Breytingartillaga	3
2.1.1	<i>Breytingar á töflu 3.2</i>	3
2.1.2	<i>Breytingar á töflu 3.5</i>	4
2.1.3	<i>Breyting á kafla 3.4</i>	5
2.2	Skilmálar	5
<b>3</b>	<b>Umhverfisáhrif</b>	<b>5</b>
3.1	Helstu umhverfisáhrif	5
3.2	Valkostir	7
3.3	Mat á umhverfisáhrifum	7
<b>4</b>	<b>Samræmi við áætlanir</b>	<b>8</b>
<b>5</b>	<b>Kynningar</b>	<b>9</b>
<b>6</b>	<b>Heimildir</b>	<b>9</b>
<b>7</b>	<b>Samþykktir</b>	<b>10</b>



## 1 Forsendur og markmið

### 1.1 Forsendur

Í aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar eru áætlanir um verulega uppbyggingu, sem verður í áföngum. Reynsla af þróun á Keflavíkurflugvelli er sambærileg og á öðrum alþjóðlegum flugvöllum, sem er að hún getur verið mjög ör, krefst skjótra viðbragða skipulagsyfirvalda og Isavia og er háð ákveðinni óvissu.

Við staðfestingu aðalskipulags Keflavíkurflugvallar var dregið úr byggingarheimildum frá því sem kynnt var í vinnslutillögu og auglýstri tillögu aðalskipulagsins. Við þá ákvörðun kom fram sú stefna að heimildirnar verði endurskoðaðar reglulega og verði í samræmi við spár um farþegafjölda, þörf á uppbyggingu, verði rúmar og veiti nauðsynlegt svigrúm fyrir flugvöllinn til að bregðast við.

Árið 2017 fóru rúmlega 8,7 milljónir farþega um Keflavíkurflugvöll (Isavia, 2018). Það stefnir í að fjöldinn verði um 10 milljónir árið 2018. Samkvæmt spám, sem byggt var á við gerð aðalskipulagsins, var áætlað að 10 milljónir farþega færu um flugvöllinn á tímabilinu 2020-2022.

Við mótun deiliskipulags fyrir flugþjónustusvæðin (FLE1, FLE2 og HLH) á Keflavíkurflugvelli hefur verið horft til þróunaráætlunar Keflavíkurflugvallar 2015-2040 og aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Við skipulag á svæði FLE2 hefur komið í ljós að verulega vantar upp á byggingarheimildir á svæðinu til að vera í samræmi við þá starfsemi sem er fyrirhuguð á svæðinu. Starfsemi er fyrst og fremst flugstarfsemi og flugtengd starfsemi, en henni getur fylgt mjög umfangsmiklar byggingar s.s. flugskýli, vörugeymslur og þjónusturými. Starfsemi getur hvergi annars staðar verið en innan flugvallarsvæðis.



Mynd 1 Flugþjónustusvæði við flugstöð FLE 1 og FLE 2

Með þróun á farþegafjölda og þörf á svigrúmi fyrir uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli að leiðarljósi telur skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar þörf á að auka byggingarheimildir á svæði flugþjónustusvæði FLE2. Skipulagsnefndin hefur kannað hvort unnt væri að færa til heimildir af FLE1, sem er flugstöðvarsvæðið, yfir á FLE2 en það reyndist ekki hægt þar sem nauðsynlegt er að nýta allar fyrirliggjandi heimildir á flugstöðvarsvæðinu.

Samkvæmt spá Aton (2018) um fjölda nýrra beinna starfa við flugvöllinn er gert ráð fyrir að á tímabilinu 2018-2030 verði til 6.500 störf. Alls verði því störf við flugvöllinn um 12.100. Ekki er unnt að skipta þessum störfum á einstaka starfsemi eða



byggingarheimildir. Því er litið til fjölda starfa m.t.t. byggingarheimilda í skipulagi. Samkvæmt því geta störf sem tengjast auknum byggingarheimildum verið um 1.600 talsins.<sup>1</sup>

Hlutfall tengifarþega er nú um 41% af farþegum sem fara um Keflavíkurlugvöll. Forsendur fyrir byggingarheimildum á Keflavíkurlugvelli snúa að starfsemi og nauðsynlegri afkastagetu flugvallarins til að mæta fjölda farþega. Auknar byggingarheimildir snúa því m.a. að flugskýlum, vörugæmslum og þjónusturýmum. Starfsemin getur hvergi annars staðar verið en innan flugvallarsvæðis. Eðli þessara bygginga er slíkt að ekki er hægt að greina byggingarheimildir eftir því hvort þær komi til með að þjóna farþegum til og frá landinu eða skiptifarþegum.<sup>2</sup>

Því er ráðist í breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurlugvallar og snýr hún eingöngu að auknum byggingarheimildum á flugþjónustusvæði FLE2. Skilmálar á flugþjónustusvæðum, skipulagsupprættir og skýringarmyndir verða óbreyttar.

## 2 Breytingartillaga

### 2.1 Breytingartillaga

Breytingartillagan felur í sér að auka byggingarheimildir á svæði FLE2 (sjá mynd 1). Viðbótarbyggingarheimildir verða 180.000 m<sup>2</sup> í stað 55.000 m<sup>2</sup>. Heildarbyggingarheimildir á FLE2 verða 190.000 m<sup>2</sup> í stað 65.000 m<sup>2</sup>. Jafnframt eru uppfærðar upplýsingar um núverandi byggingarmagn á FLE2.

Í eftirfarandi köflum eru tillögur að breytingum undirstrikaðar.

#### 2.1.1 Breytingar á töflu 3.2

Tafla 3.2 í Aðalskipulagi Keflavíkurlugvallar, bls. 18 er eftirfarandi:

Svæði	Stærð [ha]	Núverandi byggingar [m <sup>2</sup> ]	Viðbótarheimild [m <sup>2</sup> ]	Alls [m <sup>2</sup> ]
FLE 1	203	84.850	250.000	335.000
FLE 2	69	10.320	55.000	65.000
	<b>272</b>	<b>95.170</b>	<b>305.000</b>	<b>400.000</b>

Tafla 3.2: Stærðir og heimildir á flugþjónustusvæðum FLE breytist í:

Svæði	Stærð [ha]	Núverandi byggingar [m <sup>2</sup> ]	Viðbótarheimild [m <sup>2</sup> ]	Alls [m <sup>2</sup> ]
FLE 1	203	84.850	250.000	335.000
FLE 2	69	<u>13.587</u>	<u>180.000</u>	<u>190.000</u>
	<b>272</b>	<b><u>98.437</u></b>	<b><u>430.000</u></b>	<b><u>525.000</u></b>

<sup>1</sup> Upplýsingum bætt við í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 22.6.2018.

<sup>2</sup> Upplýsingum bætt við í samræmi við umsögn Ferðamálastofu, dags. 14.6.2018.

**2.1.2 Breytingar á töflu 3.5**

Tafla 3.5 í Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, bls. 20 er eftirfarandi:

	2015-2023 [m <sup>2</sup> ]	2024-2030 [m <sup>2</sup> ]	Alls [m <sup>2</sup> ]
<b>FLE1</b>			
Flugstöð	90.000	25.000	115.000
Flugskýli	10.000	10.000	20.000
Flugtengd þjónusta	20.000	15.000	35.000
Bílgeymslur	10.000	40.000	50.000
Annað (hótel o.fl.)	20.000	10.000	30.000
<b>Alls FLE1</b>	<b>150.000</b>	<b>100.000</b>	<b>250.000</b>
<b>FLE2</b>			
Flugtengd þjónusta	10.000	20.000	30.000
Annað (hótel o.fl.)	10.000	15.000	25.000
<b>Alls FLE2</b>	<b>20.000</b>	<b>35.000</b>	<b>55.000</b>
<b>HLH</b>			
Flugstöðvar	5.000	10.000	15.000
Flugskýli	15.000	10.000	25.000
Flugtengd þjónusta	5.000	10.000	15.000
Vörugymslur		10.000	10.000
<b>Alls HLH</b>	<b>25.000</b>	<b>40.000</b>	<b>65.000</b>
<b>Uppbygging alls</b>	<b>195.000</b>	<b>175.000</b>	<b>370.000</b>

Tafla 3.5 : Leiðbeinandi áætlun um uppbyggingu á flugþjónustusvæðum breytist í:

	2015-2023 [m <sup>2</sup> ]	2024-2030 [m <sup>2</sup> ]	Alls [m <sup>2</sup> ]
<b>FLE1</b>			
Flugstöð	90.000	25.000	115.000
Flugskýli	10.000	10.000	20.000
Flugtengd þjónusta	20.000	15.000	35.000
Bílgeymslur	10.000	40.000	50.000
Annað (hótel o.fl.)	20.000	10.000	30.000
<b>Alls FLE1</b>	<b>150.000</b>	<b>100.000</b>	<b>250.000</b>
<b>FLE2</b>			
Flugtengd þjónusta	<u>60.000</u>	<u>95.000</u>	<u>155.000</u>
Annað (hótel o.fl.)	10.000	15.000	25.000
<b>Alls FLE2</b>	<b><u>70.000</u></b>	<b><u>110.000</u></b>	<b><u>180.000</u></b>
<b>HLH</b>			
Flugstöðvar	5.000	10.000	15.000
Flugskýli	15.000	10.000	25.000
Flugtengd þjónusta	5.000	10.000	15.000
Vörugymslur		10.000	10.000
<b>Alls HLH</b>	<b>25.000</b>	<b>40.000</b>	<b>65.000</b>
<b>Uppbygging alls</b>	<b>245.000</b>	<b>250.000</b>	<b>495.000</b>



### 2.1.3 Breyting á kafla 3.4

Kafli 3.4 í aðalskipulagi, bls. 19, er eftirfarandi:

Uppbygging á flugþjónustusvæði er háð fjölda farþega. Miðað við fyrirbyggjandi spá er lögð fram áfangaskipting til viðmiðunar, sjá töflu 3.5 og er heimildum skipt niður á ríkjandi starfsemi skv. aðalskipulaginu. Samkvæmt þessari skiptingu er gert ráð fyrir að uppbygging verði um 195.000 m<sup>2</sup> á svæðum FLE 1, FLE 2 og HLH til 2023 og 175.000 m<sup>2</sup> á tímabilinu 2024-2030. Þessi viðmið verða endurskoðuð samhliða endurskoðun á byggingarheimildum.

Kafli 3.4 Áfangaskipting, breytist í:

Uppbygging á flugþjónustusvæði er háð fjölda farþega. Miðað við fyrirbyggjandi spá er lögð fram áfangaskipting til viðmiðunar, sjá töflu 3.5 og er heimildum skipt niður á ríkjandi starfsemi skv. aðalskipulaginu. Samkvæmt þessari skiptingu er gert ráð fyrir að uppbygging verði um 245.000 m<sup>2</sup> á svæðum FLE 1, FLE 2 og HLH til 2023 og 250.000 m<sup>2</sup> á tímabilinu 2024-2030. Þessi viðmið verða endurskoðuð samhliða endurskoðun á byggingarheimildum.

## 2.2 Skilmálar

Skilmálar á flugþjónustusvæði FLE2 eru óbreyttir frá Aðalskipulagi Keflavíkurlflugvallar 2013-2030, þar með talið um ratsjárstöð H1 og veðursjá.<sup>3</sup>

## 3 Umhverfisáhrif

### 3.1 Helstu umhverfisáhrif

Umhverfisþáttur	Möguleg áhrif	Vægi áhrifa
Fornleifar	Óbreytt niðurstaða.  Fyrirhuguð landnýting norðan og vestan við flugstöðina mun hafa neikvæð áhrif á fjölmargar fornleifar. Flestar þessara fornleifa eru vörður sem varða fornar leiðir og liggur minjagildi þeirra á bilinu lítið til mikið. Meðal annarra minja á svæðinu sem þykja einna mikilvægastar er svo kölluð Kaupmannavarða (nr. 305) og varða með vörðuvísi (nr. 313). Fuglavíkursel (nr. 311) og fjárborg (nr. 682) sem þykja mikilvægar heimildir um horfna búskaparhætti (Antikva, 2014) eru í grennd við nýja N/S flugbraut og kunna því að verða fyrir áhrifum af framkvæmd skipulagsins.	Neikvæð (-)  Mótvægisáðgerðir skv. töflu 5.9 í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Keflavíkur 2013-2030.  Ekki þörf á að endurhlaða vörður, sbr. umsögn Minjastofnunar, dags. 22.6.2018.
Landslag og ásýnd	Óbreytt niðurstaða.  Auknar byggingarheimildir koma til með að breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti. Hins vegar er uppbygging innan skilgreindra uppbyggingsvæða. Yfirbragð byggðar á FLE2 eru stórar byggingar, s.s. flugskýli og vörugeymslur, en auk þess eru smærri byggingar. Yfirbragðið verður í samræmi þau mannvirki sem þarf á alþjóðlegum flugvöllum. <sup>4</sup>	Óveruleg (-/0)

<sup>3</sup> Upplýsingum bætt við í samræmi við umsögn Veðurstofnunar, dags. 25.6.2018.

<sup>4</sup> Upplýsingum bætt við í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 22.6.2018.

	Ekki er talið að aukin byggingarheimild breyti ásýnd við aðkomu að sveitarfélögum Sandgerði og Garði.	
Atvinna/samfélag	Óbreytt niðurstaða. Umsvif Keflavíkurlflugvallar eru fjölbreytileg og krefjast starfsmanna með margvíslegar menntunar- og hæfniskröfur. Breytingin kann að stuðla að auknum atvinnutækifærum á Suðurnesjum.	Jákvæð (+)
Fráveita	Óbreytt niðurstaða. Í framkvæmdaáætlun Isavia um fráveitu á Keflavíkursvæðinu var gert ráð fyrir umfangsmeiri uppbyggingu en er í Aðalskipulagi Keflavíkurlflugvallar 2013-2050. Aukin umsvif á Keflavíkurlflugvelli kann að hafa áhrif á fráveitukerfi flugvallarins. Lagt verður mat á hvort að afkastageta fráveitu anni 125.000 m <sup>2</sup> til viðbótar.  Fjölgun starfa vegna breytinganna er gróflega áætlaður um 1.600, sem er talið hámark. Ef miðað er við að persónueiningar verði 0,3 eining/starf má áætla að persónueiningar verði um 480. Fráveita flugvallarsvæðis mun anna því. <sup>5</sup>	Jákvæð (+) Bætt meðhöndlun á ofanvatni og endurbætur á fráveitukerfi. Innleiðing umhverfis- og öryggis- stjórnarnkerfis.
Landnotkun	Auknar byggingarheimildir verða til þess að hægt verður að byggja meira innan flugvallarsvæðis. Almennt snúa auknar heimildir að starfsemi sem ekki er gert ráð fyrir utan flugvallarsvæðisins. Því ætti ekki að verða áhrif á uppbyggingaráform aðliggjandi sveitarfélaga.	Óveruleg (+/0)
Loftgæði/hljóðvist	Óbreytt niðurstaða. Megin uppspretta hávaða og mögulegrar loftmengunar kemur frá flugumferð. Breyting á byggingarheimildum breytir ekki áhrifum flugvallarins á þessa þætti.	Neikvæð (-) Vöktun á hljóðvist og loftgæðum umhverfis flugvöllinn. Ábyrgð: Isavia.
Aðrir innviðir	Óbreytt niðurstaða. Möguleg áhrif aukins ferðamannastraums til Íslands mun auka álag á innviði samfélagsins, má þar meðal annars nefna heilbrigðiskerfi, löggæslu og samgöngukerfi. Aukinn ferðamannastraumur mun einnig hafa veruleg áhrif á atvinnulíf, náttúru og samfélag. Aukin uppbygging (hótel og gistirými, innviðir og tengd þjónusta) víða um land í tengslum við ferðaþjónustu mun hafa áhrif á landslag og ásýnd og mögulega breyta einkennum svæða og staða til framtíðar.	

<sup>5</sup> Upplýsingum bætt við í samræmi við umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 18.6.2018.

### 3.2 Valkostir

Til samanburðar í umhverfismati var litið til núllkosta, þ.e. að nýjar byggingarheimildir verði óbreyttar sem eru 55.000 m<sup>2</sup>. Ekki er talið að heildarumhverfisáhrif af uppbyggingu og starfsemi Keflavíkurflugvallar verði önnur en er fjallað um hér að ofan. Mögulega gæti orðið einhver seinkun á áhrifum, t.d. varðandi áhrif á landslag og ásýnd og á fornleifar.

Ekki er talið að niðurstaða umhverfismats gefi tilefni til að skoða minni byggingarheimildir á Keflavíkurflugvelli til samanburðar. Umhverfisáhrif þessara heimilda, sem snúa að flugvallarstarfsemi, eru ólíkleg til að verða önnur en fyrir liggja í umhverfismati Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2013-2030.

### 3.3 Mat á umhverfisáhrifum

Isavia vinnur að undirbúningi mats á umhverfisáhrifum fyrir uppbyggingu til ársins 2025. Þar verður gerð ítarlegri grein fyrir umhverfisáhrifum uppbyggingar á flugvelli s.s. á hljóðvist, loftgæði, samfélag og lífríki. Umhverfismat Isavia tekur að til áfangaskiptingar skv. töflu í ofangreindum kafla 2.1.3. Það tekur til fyrri áfanga, þ.e. 2023 og hluta að síðari áfanga.<sup>6</sup>

<sup>6</sup> Upplýsingum bætt við í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 22.6.2018.



**4 Samræmi við áætlanir**

Litið var til áætlana og stefna sem eiga við um aðalskipulagsbreytingu vegna aukinna byggingarheimilda. Niðurstaðan er að breytingartillagan er í samræmi við stefnu og aðrar áætlanir.

Stefnur og áætlanir	Í samræmi
<b>Landsskipulagsstefna</b>	Já
<p>Stefna sem á við um tillögu að aðalskipulagsbreytingu er um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf. Þar kemur fram að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tillaga að aðalskipulagsbreytingu Keflavíkurflugvelli er í samræmi við landsskipulagsstefnu, þar sem áformuð breyting stuðlar að fjölbreytni í atvinnulífi og áframhaldandi vöxt á svæðinu, sem öll sveitarfélögin njóta góðs af og leggja áherslur á. Umfang og sú starfsemi sem breyting nær til kemur ekki til með að takmarka samkeppnisstöðu nágrannasveitarfélaga.</li> </ul>	
<b>Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024</b>	Já
<p>Stefna svæðisskipulagsins er að stækkun flugvallarins taki mið af hagkvæmni í uppbyggingu atvinnusvæða, fjölbreyttum tækifærum og fjölgun farþega og flugumferðar um flugvöllinn. Flugvallarsvæðið er hluti af skilgreindu sameiginlegu atvinnusvæði í svæðisskipulaginu. Þar kemur m.a. fram að huga skuli að hvers konar starfsemi skuli vera innan flugvallarsvæðis, og hvort hún verði í samkeppni eða styður við starfsemi utan flugvallarsvæðis en innan sameiginlegs atvinnusvæðis A.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tillaga að aðalskipulagsbreytingu Keflavíkurflugvelli er í samræmi við markmið og áherslur svæðisskipulagsins og er gerð grein fyrir þessum þáttum í forsendum.</li> </ul> <p>Fyrir liggur samkomulag um samstarf Isavia, Kadeco, Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar frá árinu 2017, um uppbyggingu á flugvallarsvæðinu og í nágrenni þess. Það samkomulag er í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um félag sem hafi umsjón með uppbyggingu á sameiginlegum atvinnusvæðum.</p>	
<b>Aðalskipulagsáætlun Sandgerðisbæjar 2008-2024</b>	Já
<p>Eitt af leiðarljósum aðalskipulagsins er að vinna að hagkvæmri uppbyggingu flugsækinna starfsemi í nánd við alþjóðaflugvöllinn. Markmið í tengslum við það er m.a. að stuðla að tengingu atvinnusvæða norðan Keflavíkurflugvallar við atvinnusvæði Sandgerðisbæjar. Þá er gert ráð fyrir rýmisfrekri verslunar- og þjónustustarfsemi (VP3) norðan við flugvöllinn.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tillaga að aðalskipulagsbreytingu Keflavíkurflugvallar fellur að leiðarljósi, markmiði og útfærslu.</li> </ul>	
<b>Aðalskipulagsáætlun Garðs 2015-2030</b>	Já
<p>Eitt af leiðarljósum aðalskipulagsins er að skapa tækifæri til uppbyggingar í tengslum við þróun flugvallarsvæðisins. Afmörkun atvinnusvæða á suðurhluta sveitarfélagsins er hluti af undirbúningi fyrir samstarf sveitarfélaga og Keflavíkurflugvallar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tillaga að aðalskipulagsbreytingu Keflavíkurflugvallar fellur að leiðarljósinu.</li> </ul>	
<b>Aðalskipulagsáætlun Reykjanesbæjar 2015-2030</b>	Já
<p>Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á samvinnu nágrannasveitarfélaga vegna uppbyggingar atvinnusvæða norðan Keflavíkurflugvallar. Markmið er um að byggja upp atvinnustarfsemi í tengslum við flugvöllinn. Umfangsmestu atvinnugreinarinnar í Reykjanesbæ tengjast Keflavíkurflugvelli, verslun og þjónustu.</p> <p>Reykjanesbær mun óska eftir að Keflavíkurflugvöllurinn uppfæri hljóðmælingar og -útreikninga, og stýri flugumferð á þann hátt að draga sem kostur er úr hávaða flugumferðar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tillaga að aðalskipulagsbreytingu Keflavíkurflugvallar fellur að leiðarljósinu.</li> </ul>	

## 5 Kynningar

Í kynningu á skipulagslýsingu og vinnslutillögu bárust 7 umsagnir frá; Mannvirkjastofnun, Vegagerðinni, Veðurstofunni, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Minjastofnun og Ferðamálastofu.

- Vegagerðin og Mannvirkjastofnun gerðu ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi skipulagsgögn í umsögn sinni.
- Í umsögn Veðurstofunnar var áréttað að huga að skilmálum um byggingar á flugvallarsvæðinu m.t.t. virkni veðursjár.
- Í umsögn Umhverfisstofnunar var óskað eftir upplýsingum um áhrif á fjölda persónueininga sem fylgja auknu byggingarmagni, og hvernig honum yrði mætt með uppbyggingu fráveitu.
- Minjastofnun gerði ekki athugasemdir en taldi óþarft að nefna sem mótvægisáðgerð að endurhlaða vörður.
- Ferðamálastofa óskaði eftir upplýsingum um áhrif á innviði og að skilgreint verði hversu stór hluti aukins byggingarmagns sé hugsaður annars vegar fyrir farþega til og frá landinu, og hins vegar tengifarþega.
- Í umsögn Skipulagsstofnunar var óskað eftir frekari lýsingu á forsendum og þörf fyrir auknum byggingarheimildum, hvers konar mannvirki og starfsemi er ætlað að byggist upp, lýsingu á yfirbragði svæðisins og fjölda nýrra starfa. Einnig var lagt til að bera saman valkost um minna uppbyggingarmagn. Loks kom fram að skýra þurfi betur hvernig breytingin falli að svæðisskipulagi Suðurnesja, aðalskipulagsáætlunum aðliggjandi sveitarfélaga og landsskipulagsstefnu.

Brugðist hefur verið við ofangreindum umsögnum. En ekki er hægt að skipta aukinni uppbyggingarheimild á tegund farþega, þ.e. tengifarþegar og ferðamenn til Íslands.

Í kynningu á breytingartillögu skv. 31. gr. skipulagslaga bárust erindi frá Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja, Mannvirkjastofnun, Sveitarfélaginu Vogum og Veðurstofu Íslands. Þessir aðilar gerðu ekki athugasemdir við tillöguna.

## 6 Heimildir

Aton (2018). Uppbygging og samfélagið á Suðurnesjum. Kynning Dr. Hugins Freys Þorsteinssonar. Mars.

**7 Samþykktir**

Breyting á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 sem hefur fengið málsmeðferð skv. 30., 31. og 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt:

Í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fyrir svæði A þann 9.11.2018

Göndur Björnsdóttir

Hjá Landhelgisgæslunni fyrir svæði B þann 9.11.2018

Jón B. Guðjónsson

Breyting á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 var staðfest af  
Skipulagsstofnun, skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 14. Jan 2019

Þórunn Þ. Guðjónsdóttir Þórunn Þ. Guðjónsdóttir





